

Samfélagsskýrsla 2022



Orð frá framkvæmdastjóra

Olís hefur tekið miklum breytingum á undanförunum misserum. Í kjölfar heildstæðrar stefnumótunar hófst umtalsverð endurskipulagning á félaginu og helstu áherslum í rekstri. Aukin hagkvæmni, skýrari áherslur og endurnýjun innviða hafa verið leiðarstef þessarar vinnu.

Á sama tímabili hafa ytri skilyrði verið afar óvenjuleg. Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu hækkaði olíuverð verulega og markaðir hafa verið sveiflukennandi en nokkru sinni fyrr. Aðfangakeðjur sem voru þegar laskaðar vegna Covid 19 faraldursins urðu fyrir enn frekari röskun og óvissa í heimshagkerfinu hefur verið umtalsverð. Innlendir vinnumarkaður hefur gengið í gegnum óróatímabil sem náði hámarki með verkföllum í byrjun þessa árs. Það segir sig þó sjálfst að rekstraráskoranir eru léttvægt viðfangsefni samanborið við þann mannlega harmleik sem fylgir grimmilegum stríðsrekstri Rússa.

Starfsfólk Olís hefur staðið sig með stakri þryði á þessum krefjandi tímum og afkoma félagsins stendur traustari fótum en nokkru sinni fyrr. Í gegnum þetta mikla breytingatímabil hefur félagið lagt mikla áherslu á að samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni verði áfram í forgrunni. Hvort sem horft er til umhverfis, starfsfólks, viðskiptavina eða nærsamfélaga þá er markmið Olís að sýna virðingu og ábyrgð í gegnum verk sín.

Olís hefur verið í fararbroddi umhverfisverndar

Við teljum mikilvægt að varðveita náttúruna og leggjum áherslu á þau sjónarmið í allri okkar starfsemi. Olís var á meðal fyrstu fyrirtækja landsins til að setja sér umhverfisstefnu. Í henni er m.a. undirstrikað mikilvægi þess að hver kynslóð skili landinu og auðlindum þess í betra horfi til þeirrar næstu. Umhverfisstefna Olís nær til alls starfsfólks og sjálfstæðra aðila sem starfa fyrir félagið.

Græðum landið með Olís var samvinnuverkefni sem var hrint af stað fyrir 30 árum síðan og margir muna enn eftir.

Þetta verkefni markaði upphafið að löngu og farsælu starfi Olís og Landgræðslunnar. Á síðasta ári framlengdi Olís samstarfssamning sinn við Landgræðsluna um 5 ár og hóf nýtt átak á sviði birkifræsöfnunar og sáningar.

Af öðrum markverðum grænum skrefum síðasta árs ber helst að nefna samstarf Olís við Ísorku um uppbyggingu hraðhleðslustöðva um allt land. Stefnt er að uppbyggingu 20 staðsetninga innan tveggja ára þar sem rafbílaeigendur geta hlaðið bifreiðar sínar með fyrsta flokks búnaði. Með samstarfinu gefst báðum aðilum tækifæri til að efla þjónustu við viðskiptavinina sína og leggja kröftug lóð á vogarskálarnar í þeim orkuskiptum sem framundan eru.

Sala á jarðefnaeldsneyti setur ríka kröfu á Olís að félagið hugi að umhverfisvernd innan starfseminnar eftir fremsta megni. Félagið mun halda áfram fjárfestingum sínum á þessu sviði og ætlar sér ótvírætt að standa fremst á meðal jafningja líkt og verið hefur á undanförunum áratugum.

Ábyrg mannaútsstefna styður við sjálfbærni

Hjá Olís starfar fjölbreyttur hópur fólks að ólíkum verkefnum. Það er skýrt markmið félagsins að einstaklingar geti blómstrað innan Olís án tillits til kynferðis, trúarbragða, lífsskoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, búsetu, aldurs og stöðu að öðru leyti. Í fjölbreytninni felst kraftur og ávinningur, bæði í samhengi við rekstur og fyrirtækjamenningu félagsins.



Frosti Ólafsson framkvæmdastjóri

Orð frá framkvæmdastjóra

Olís hefur verið í fremstu röð við innleiðingu jafnlaunakerfis og leggur metnað í að jafnréttisstefna Olís endurspegli ekki eingöngu lagakröfur, heldur þá menningu sem við viljum byggja upp innan félagsins. Við mælum starfsánægju í hverjum mánuði og nýtum þær niðurstöður til að greina tækifæri til að efla starfsaðstæður og vellíðan innan fyrirtækisins. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og annað ofbeldi er ekki liðið hjá Olís.

Olís er hluti af samfélaginu

Saga Olís spannar hartnær öld og félagið má því teljast nokkuð rótgróið. Þessu fylgja þau forréttindi að hafa getað tekið þátt í uppbyggingu samfélaga. Við veitum þjónustu um allt land og því eru snertifletir okkar margir við fólkið í landinu. Olís leggur mikla áherslu á að styðja við nærsamfélög, m.a. í gegnum framlög til íþróttá- og menningarmála og með þátttöku í fjölbreyttum verkefnum sem efla lífsgæði. Félagið hefur um langt skeið verið dyggur bakhjarl Landsbjargar og aðalstuðningsaðili handboltahreyfingarinnar á Íslandi. Meðal samfélagsmarkmiða Olís er að ráðstafa yfir hálfu prósentu af framlegð í verkefni af þessu tagi.

Þessar áherslur í starfsemi eru hvatning fyrir okkur sem störfum hjá Olís. Til að fyrirtæki geti blómstrað í heila öld þurfa þau að vera hluti af samfélaginu og sýna ábyrgð. Við ætlum okkur svo sannarlega að halda áfram á þeirri vegferð og standa undir þeim formerkjum að Olís sé vinur við veginn.



Vinir við vegin



Fyrirtækið

Olís er eitt af stærri verslunar- og þjónustufyrirtækjum landsins og rekur yfir 67 útsölastaði á landinu öllu. Fyrirtækið á sér langa sögu sem er samofin þróun íslensks samfélags í næstum hundrað ár en Olís var stofnað 3. október 1927.

Olís hefur sérhæft sig í sölu og þjónustu á eldsneyti og öðrum olíuvörum, auk sölu veitinga og ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur. Auk þessa sinnir Olís fjölbættri vörusölu og þjónustu gagnvart stórnotendum um land allt, m.a. sjávarútvegs-, verktaka- og flutningafyrirtækjum. Grunnrekstur Olís hefur ávallt verið eldsneytissala, en með nýtingu á sérfræðipækkingu og dreifineti Olís hefur vöru- og þjónustuframboð félagsins verið vikkað. Olís er með vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001.

Það er stefna Olís að vera leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sínu sviði hvað varðar hagkvæmni í rekstri, þjónustu við viðskiptavini, gæði vöruframboðs og ábyrgð gagnvart samfélaginu, þar sem sérstök áhersla er lögð á stuðning við umhverfismál, félagasamtök og íþróttastarfsemi. Olís leggur jafnframt áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og starfsánægja eru höfð að leiðarljósi og hlaut félagið gullmerki Jafnréttisvogarinnar í fjórða sinn árið 2022.

Grænu skrefin

Markvissar aðgerðir
í átt að sjálfbærni



Grænu skrefin

Loftslagsbreytingar af mannavöldum er ein helsta áskorun samtímans og markmið okkar er að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi í lágmarki og á sama tíma stuðla af krafti að vernd umhverfisins. Vinna okkar í átt að sjálfbærni tekur mið af umhverfisstefnu og aðgerðaáætlun Olís í umhverfis- og loftslagsmálum.



Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hjá Olís á árinu 2022 voru 2.284,6 tCO₂ ígildi en frá 2019 hefur öll losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri félagsins, akstur, flug og dreifing eldsneytis til viðskiptavina um allt land allt verið kolefnisbundin.

Umhverfisráðið fundar með reglubundnum hætti og hlutverk þess er að gera aðgerðaáætlun hvað varðar umhverfismál sem gildir til tveggja ára í senn. Í áætluninni skal m.a. útlista leiðir að markmiðum, hvernig settum markmiðum skal náð og hvernig eftirfylgni aðgerðaráætlunarinnar skuli háttáð.

Samstarf við Landgræðsluna um kolefnisbindingu

Í vor var undirritaður samstarfssamningur Landgræðslunnar og Olís til næstu 5 ára, en Landgræðslan og Olís hafa átt farsælt samstarf allt frá árinu 1992. Á þessum þremur áratugum hafa verkefni verið af ýmsum toga og skilað miklum árangri við uppgræðslu lands. Flestir kannast við slagorðið „Græðum landið með Olís“, en það verkefni var einn af hornsteinum landgræðslu á Íslandi um árabil. Olís hefur verið einn stærsti einstaki styrktaraðili landgræðslu á Íslandi í gegnum tíðina og brautryðjandi meðal einkafyrirtækja í umhverfisverkefnum hérlandis.

Árangur Landgræðslunnar hefur verið mikill og Olís er stolt af hlutverki sínu sem bakhjarl stofnunarinnar. Þannig hefur þetta farsæla samstarf skilað uppgræðslu yfir þúsund hektara af örfoka landi og gróðurauðn.

Haustið 2022 var blásið á nýjan leik til birkifræsöfnunar og sáningar. Einstaklingar gátu safnað birkifræjum í þar til gerða kassa og skilað inn á þjónustustöðvar Olís, sem og til annarra velunnara verkefnisins. Landgræðslan safnaði saman fræjum, flokkaði og yfirfór í þeim tilgangi að einungis bestu og lífvænlegustu fræin fari í sáningu. Landgræðslan mun jafnframt velja land til sáninga, en einstaklingum verður boðið að mæta og sá fræjum.

Olís tekur einnig þátt í kostnaði viðskiptavina á einstaklingsmarkaði sem kjósa að kolefnisbinda eldsneytiskaup sín. Viðskiptavinir leggja fram 2 krónur af föstum afslætti sínum og Olís greiðir 2 krónur á móti þannig að 4 krónur af hverjum seldum lítra renna til Landgræðslunnar í fjölbreytt verkefni til kolefnisbindingar. Með þessu er unnið með viðskiptavinum að því að kolefnisbinda eldsneytisviðskipti þeirra.

Frá 2016 nemur beinn stuðningur Olís við Landgræðsluna um 35 milljónum króna.

Flokkun sorps og endurvinnsla

Olís notar umhverfisstjórnunarkerfið EnviroMaster frá Klöppum til að tryggja mælanleika þegar kemur að árangri í umhverfismálum og sjálfbærni. Kerfið gerir það kleift að vakta og fylgjast með t.d. eldsneytisnotkun, magni úrgangs, endurvinnslu og rafmagns- og vatnsnotkun. Þessar upplýsingar eru teknar úr kerfinu og nýttar í árlegt samfélagsuppgjör í samvinnu við Klappir.

Unnið er að stöðugum endurbótum hvað varðar flokkun á þjónustustöðvum Olís í samstarfi við öll þau gámapjónustufyrirtæki sem þjónusta félagið. Úrgangur svo sem pappír eða pappi, plast og lífrænn úrgangur er flokkaður og fluttur á sorpeyðingarstöðvar eftir því sem þjónustuaðilar geta orðið við á hverju svæði.

Hjá Olís er tekið á móti ýmsum spilliefnum svo sem sýrum, þungmálmum, úrgangsolíu og smurolíu, freon og CFC-efnum og sendum í endurvinnslu eða til sérhæfðra móttökustöðva. Þá tökum við líka á móti notuðum rafhlöðum frá viðskiptavinum og sendum í endurvinnslu.

Í dag eru í gangi fjölmörg verkefni sem stuðla að frekari flokkun og endurvinnslu.

Umhverfisvænt vöruúrval


Olís stuðlar að minni plastnotkun með því að bjóða umbúðalausá sölu á rúðuvökva, frostlegi og smurolíu. Þessi vegferð hefur staðið yfir í rúmlega tvo áratugi en þá var fyrst boðið upp á umbúðalausá sölu á þessum vöruflokkum hjá Olís.

Á þjónustustöðvum Olís er leitast við að nota niðurbrotanlegar og umhverfisvænar einnota vörur þar sem því verður við komið.

Rekstrar- og heilbrigðisvörur sem Olís seldi voru færðar yfir til systurfélagsins Stórkaup. Við þetta fækkaði vörusendingum, lagerrými minnkaði og kolefnisspor vöru minnkaði.

Hjá Olís er lögð áhersla á að fara í einu og öllu eftir lögum og reglum með gagnsæi og siðgæði að leiðarljósi.

Sala á jarðefnaeldsneyti er meðal annars háð lögum og reglum um losun gróðurhúsalofttegunda. Olís blandar endurnýjanlegu eldsneyti, etanól í bensín og biodísil í dísilolíu, saman við hefðbundið eldsneyti ásamt því að selja innlent metangas af dælum á þremur staðsetningum. Olís starfar eftir og uppfyllir reglugerð um gæði eldsneytis en markmið þeirrar reglugerðar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli eldsneytis og hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis á heilsu fólks og umhverfisins.





Rafhleðslustöð á ÓB
Kirkjubæjarklaustri

Rafrænir úttektarlistar

Á flestum þjónustustöðvum Olís var tekin upp notkun á spjaldtölvum við gæðaúttektir. Með því að færa alla úttektarlista í spjaldtölvur minnkar pappírnotkun. Rafrænir úttektarlistar verða komnir í stað prentaðra á öllum þjónustustöðvum Olís á fyrsta fjórðungi 2023.

Orkusparnaður

Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun og var heildarorkunotkun Olís 14.771.158 kWst á árinu 2022. Þar af var orka frá jarðefniseldsneyti 1.121.672, orka frá rafmagni 5.969.466 og orka frá heitu vatni 7.680.019. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 13.649.485 kWh. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa var 92,4%.

Við endurnýjun á kælum á þjónustustöðvum félagsins voru settir inn nýir kælar sem nýta mun minni orku en þeir kælar sem fyrir voru.

Umhverfisvænni orkugjafar

Haustið 2022 var gerður samstarfssamningur við Ísorku um uppsetningu á víðáttumiklu neti hraðhleðslustöðva sem staðsettar verða á stöðvum Olís og ÓB.

Í samstarfi við Ísorku hefur Olís uppfært rafhleðslustöðvar við Álfheima, Selfoss, Siglufjörð og Reyðarfjörð úr 50kw í 150kw hraðhleðslustöðvar. Snemma á árinu 2023 verður bætt við hleðslustöð við stöðvar Olís við Ánanaust, Kirkjubæjarklaustur og Hellu.

Á næstu árum er áætlað að bæta við 16 hraðhleðslustöðvum við stöðvar Olís og ÓB um land allt.

Boðið er upp á metan í Álfheimum, Mjódd og á Akureyri en Olís rekur flestar metanstöðvar á Íslandi. Öll dísilolía er blönduð með vetnismeðhöndlaðri lífrænni olíu (VLO) og þá er bensínið blandað með etanóli til að draga úr losun koltvísýrings.

Umhverfisvænna gas

Allt 5 og 10 kg gas sem selt er á þjónustustöðvum Olís er Kosan BioMix40. Það er lífgas sem hefur allt að 95% minna kolefnisspor en aðrar tegundir LPG.

Loftslagsyfirlýsing Festu og Reykjavíkurborgar

Olís undirritaði loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu í nóvember 2015, ásamt riflega eitt hundrað öðrum fyrirtækjum og stofnunum, en yfirlýsingin er til marks um vilja fyrirtækjanna til að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.


Olís sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Minnka myndun úrgangs
- Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta

Umhverfisstefna Olís

- Stjórn umhverfismála er á meðal forgangsverkefna Olís og ber að aðlaga starfshætti og rekstur félagsins að ábyrgri afstöðu til umhverfisverndar.
- Stöðugt ber að fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi nýrra laga og reglna, starfshátta atvinnugreinarinnar, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga almennings.
- Félagið hefur frumkvæði að endurbótum á starfsháttum sem leiða til betri umhverfisverndar.
- Félagið mun þjálfra og hvetja starfsmenn til að sinna störfum með fullu tilliti til umhverfisverndar.
- Félagið mun taka tillit til umhverfisþátta s.s. orkuneyslu og nýtingu hráefnis við val á vörum, birgjum og flutningatækjum og að neikvæðum áhrifum á umhverfið frá rekstri fyrirtækisins sé haldið í lágmarki s.s. með réttri förgun sorps og úrgangsolíu.
- Félagið mun skipuleggja og skrá neyðaráætlun um viðbrögð á hættustundum og skulu slíkar áætlanir gerðar í samráði við og með fullu tilliti til yfirvalda og samfélagsins og skv. gildandi lögum og viðurkenndum starfsháttum.
- Félagið mun vekja athygli þjónustuaðila og undirverktaka á þessum grundvallaratriðum og eins og við á, krefjast úrbóta í starfsháttum þeirra í samræmi við starfshætti fyrirtækisins.
- Félagið mun efla góð almannatengsl um umhverfismál og hvetja til opinskárra og tíðra skoðanaskipta við starfsmenn fyrirtækisins, yfirvöld og almenning og leitast við að skynja áhyggjur sömu aðila á mögulegum umhverfisáhrifum af starfsemi félagsins.
- Félagið mun reglulega endurmeta árangurinn í umhverfisvernd.

Olís skipuleggur umbætur í umhverfismálum með hliðsjón af þessu vinnuferli



Mannauður

Framsækni, fagmennska
og traust



Mannauður

Olís er framsækið og öflugt þjónustufyrirtæki sem býður upp á góðar vinnuaðstæður við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni og jöfn tækifæri til starfsþróunar. Starfsfólk okkar er hvatt til heilbrigðs lífennis og árlega er veittur fjárhagslegur stuðningur til heilsueflingar. Lögð er áhersla á að Olís sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og starfsánægja er höfð að leiðarljósi.

Mannauðsstefna Olís

Mannauðsstefna Olís er hluti af heildarstefnu fyrirtækisins og undir mannauðsstefnuna falla einnig: Jafnréttisstefna sem inniheldur jafnlaunastefnu, Jafnréttisáætlun og jafnréttismarkmið, Stefna í eineltis- og öðrum ofbeldismálum og Verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögprot eða aðra ámælisverða háttsemi. Gildi Olís liggja til grundvallar mannauðsstefnunnar og þeirri menningu sem ríkir á hinum fjölmörgu starfsstöðvum. Gildi Olís eru: framsækni, fagmennska og traust. Mannauðsstefnan er endurskoðuð á hverju ári og var uppfærð og samþykkt seinast þann 12. október 2022.

Jafnlaunavottun

Í hópi starfsfólks Olís eru konur og karlar á öllum aldri og er leitast við að ráða í þann hóp þannig að aldursdreifing verði nokkuð jöfn og gætt er að jöfnum rétti kynjanna. Olís greiðir sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012. Öll störf innan Olís hafa verið flokkuð út frá samræmdu

kerfi og þau verðmetin án tillits til þess hver gegnir þeim. Árlega er framkvæmd launagreining af óháðum aðila þar sem skoðað er hvort frávík eru frá þessari flokkun og launasetningu. Ef um frávík er að ræða er farið yfir þau og þau leiðrétt eða unnið að úrbótum.

Olís hefur innleitt jafnlaunakerfi sem hefur þann tilgang að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækisins. Markmiðið er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsfólks til fulls án þess að kynbundinn mismunur eigi sér stað.

Jafnréttisstefna Olís

Jafnréttisstefna Olís nær til kyns, aldurs, kynþáttar, trúarbragða, skoðana og kynhneigðar en allt starfsfólk okkar skal njóta sömu virðingar. Það er stefna fyrirtækisins að koma í veg fyrir að ranglæti eigi sér stað og hvers konar mismunur er óheimil og verður ekki liðin.

Allt starfsfólk Olís á þess kost að njóta sín í starfi án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, búsetu, aldurs og stöðu að öðru leyti og að nýta beri til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu, hæfni og viðhorfum ólíkra einstaklinga. Hjá Olís er haft að leiðarljósi að fyrirtæki sem búa yfir meiri fjölbreytileika starfsfólks njóti almennt meiri velgengni.

Kynjahlutfall stjórnenda

Unnið hefur verið markvisst eftir jafnréttisstefnu Olís í nokkur ár og árlega er greint kynjahlutfall í stjórnunar- og áhrifastöðum. Jafnt og þétt hefur samsetning kynjanna í stjórnendastöðum breyst þannig að hlutur kynjanna verður sífellt jafnari. Við starfsþróun og ráðningar er tekið mið af hæfni, frammistöðu, starfsreynslu og menntun en að því jöfnu horfum við til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi störfum hjá Olís.

- Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn er nú 40/60 en var 25/75 árið 2018.
- Kynjahlutfall forstöðumanna er nú 25/75 en var 13/88 árið 2018.
- Kynjahlutfall millistjórnenda og sérfræðinga er nú 52/48 en var 30/70 árið 2018.

Kynjunum er ekki mismunað í launum og þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Einnig njóta þau sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hver önnur starfskjör eða réttindi sem metin eru til fjár.

Jafnlaunastefna er unnin í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og önnur lög sem tengjast stöðu og jöfnum rétti kynja.

Heilsa og öryggi

Hjá Olís er lögð áhersla á að aðbúnaður á vinnustað og nánasta umhverfi sé þannig úr garði gerður að öryggi, heilbrigði og vellíðan starfsfólks sé sem best tryggð. Tilhögun á starfsemi vinnustaða tekur alltaf mið af mati á heilsufarslegri áhættu starfsmanna vegna starfseminnar. Olís er í samstarfi við Vinnuvernd sem sinnir bólusetningum á haustin og skráningum á veikindum starfsfólks og barna þeirra. Ennfremur veitir Vinnuvernd starfsfólki ráðgjöf ef til veikinda kemur.

Starfsfólki stendur til boða árlegur heilsueflingarstyrkur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og nýttu alls 225 starfsmenn sér þennan styrk árið 2022.

Fræðsla og þjálfun

Á árinu 2022 var haldið áfram við innleiðingu rafrænnar fræðslu hjá Olís og er nú boðið upp á fjölda námskeiða bæði starfstengd og persónubundin. Með rafrænni kennslu og þjálfun næst betur til starfsfólks á hinum fjölmörgu starfsstöðvum víðsvegar um landið og hægt er að sinna fræðslu mun jafnar en áður var.

Persónuvernd

Lögð er áhersla á að meðhöndla persónuupplýsingar starfsfólks og viðskiptavina af öryggi og fagmennsku. Persónuverndarstefna Olís tekur mið af lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.



A photograph showing three rescue workers in red and blue jackets and helmets on a rocky mountain slope. They are working with a stretcher that has a person lying on it. The background is a steep, rocky mountain face. The text 'Samfélagið' is overlaid on the left side of the image, and 'Umhyggja fyrir nærumhverfi og náttúru' is overlaid below it. There are green decorative shapes on the left and right sides of the image.

Samfélagið

Umhyggja fyrir
nærumhverfi og náttúru

Markmið Olís er að vera virkur þátttakandi í jákvæðri uppbyggingu í samfélaginu og árlega styður félagið við góð málefni sem auðga og efla samfélagið sem við byggjum. Má þar nefna framlög til mannúðarstarfs, landræktarverkefna, menningar og íþróttá eða hvað þar sem metið er að framlag Olís geti haft mest jákvæð áhrif á samfélagið.

Samfélagið

Samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu

Frá árinu 2012 hefur Olís verið einn aðal styrktar- og samstarfsaðili Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Styrkir felast meðal annars í beinum fjárstuðningi til samtakanna og góðum afsláttarkjörum á eldsneyti. Einnig eru haldnir sérstakir fjáröflunardagar þar sem hluti af sölu eldsneytis þann dag rennur til Landsbjargar. Með þessu samstarfi er leitast við að tryggja að björgunarsveitir landsins séu vel í stakk búnar til þess að aðstoða Íslendinga og erlenda ferðamenn sem eru á ferð um landið. Olís hefur að auki boðið björgunarsveitum sérstaka neyðaraðstoð. Olís opnar afgreiðslustöðvar sínar að kvöld- og næturlagi ef björgunaraðgerðir eru í gangi svo björgunarsveitir hafi aðgang að eldsneyti og öðrum búnaði á öllum tímum sólarhringsins.

Í haust var samningurinn við Landsbjörg endurnýjaður til næstu 3ja ára. Á þeim 10 árum sem Olís hefur verið einn af aðalstyrktaraðilum Landsbjargar hafa safnast yfir 100 milljónir kr. fyrir Landsbjörg með beinum og óbeinum hætti.

Menningarstyrkir

Olís leggur ýmsum menningarmálum um land allt lið, má þar nefna stuðning við leikfélög, kvikmyndagerð, bæjarhátíðir og önnur menningartengd málefni.





Olísdeildin

Olís styður við íþróttastarf með margvíslegum hætti. Þar ber líklega helst að nefna samstarf Olís og HSÍ um efstu deildir karla og kvenna í handbolta. Olís hefur verið einn helsti bakhjarl HSÍ eins og kristallast í nöfnum efstu deildanna í meistaraflokki, þ.e. Olís deildin og Grill 66 deildin.

Samstarfið felur í sér beinan styrk til deildanna en auk þess sér Olís um stóran hluta auglýsinga- og kynningarstarfsemi deildanna.

Samstarfið hefur verið til staðar síðan 2013 með því grunnmarkmiði að efla handbolta á Íslandi og fjölga iðkendum.

Samhliða hefur Olís stutt við landslið Íslands í handbolta þegar þau taka þátt í stórmótum.

Olís og ÓB knattspyrnumótin

Olís er aðalstyrktaraðili Olísmótsins á Selfossi í fótbolta sem haldið er fyrir 5. flokk drengja og ÓB fótbolta mótið á Sauðárkróki sem haldið er fyrir 6. flokk stúlkna. Rúmlega 500 þátttakendur eru á Olís mótinu og 750 á ÓB mótinu.

Settar voru nýjar reglur á Olís mótinu 2022 um hegðun áhorfenda með það markmið að keppendur upplifi uppbyggjandi og jákvætt umhverfi í kringum mótið. Bæði áhorfendur og keppendur tóku vel í þessar reglur og mótið heppnaðist vel.

Annað íþróttastarf

Olís styður jafnframt við ýmis félagslið á þeim svæðum þar sem starfsemi félagsins er umfangsmikil, þá einkum á landsbyggðinni. Í þeim styrktarsamningum er lögð rík áhersla á uppbyggingu barna- og unglíngastarfs umræddra félaga.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Markmið um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Olís og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030.

Út frá stefnumiðum Olís hafa sex heimsmarkmið verið sett í forgang. Þau tengjast kjarnastarfsemi Olís, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

Þessi sex markmið eru:

Markmið 5:

Jafnrétti kynjanna

Markmið 8:

Góð atvinna og hagvöxtur

Markmið 9:

Nýsköpun og uppbygging

Markmið 10:

Aukinn jöfnuður

Markmið 12:

Ábyrg neysla og framleiðsla

Markmið 13:

Aðgerðir í loftslagsmálum



Olís sjálfbærnimarkmið

Jafnrétti kynjanna



Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna á eftirfarandi hátt:

- Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sem miðar að því að tryggja jöfn laun og réttindi kynjanna.
- Samsetning kynjanna í stjórnendastöðum hefur jafnast mikið á síðustu árum og við vinnum hörðum höndum að því að hlutur kynjanna verði jafn í framtíðinni.
- Við höfum innleitt jafnlaunakerfi sem hefur þann tilgang að tryggja jöfn laun, jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla innan Olís.
- Olís greiðir sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012.

Góð atvinna og hagvöxtur



Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt á eftirfarandi hátt:

- Við leggjum ríka áherslu á að starfsfólki okkar líði vel í vinnu, fái jöfn tækifæri og eigi auðvelt með að samræma einkalíf og atvinnu jöfnum höndum.
- Við stuðlum að heilbrigðu líferni starfsfólks með því að bjóða upp á árlegan heilsueflingarstyrk og í samstarfi við Vinnuvernd auðveldum við starfsfólki að fylgjast með eigin heilsu og vellíðan.
- Í samræmi við auknar áherslur á stafræna þróun, þá höfum við nú innleitt fræðslukerfið Eloomi. Á þennan hátt náum við til starfsfólks á hinum fjölmörgu starfsstöðvum víðsvegar um landið og getum sinnt fræðslu mun betur og jafnar en áður.

Nýsköpun og uppbygging



Við styðjum við heimsmarkmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu á eftirfarandi hátt:

- Við styðjum við uppbyggingu innviða í landinu og viðbragð við umhverfissvá með því að efla stöðugt samstarf okkar við Slysavarnafélagið Landsbjörgu.
- Nýsköpun á sviði umbúðalausra vara er mikilvæg og við vinnum markvisst að því að allar þjónustustöðvar okkar verða tilbúnar til umbúðalausrar sölu á rúðuvökva, frostlegi og smurólíu.
- Við leitum sífellt leiða til að gera starfsemi okkar sjálfbærari, ábyrgari og reynum að tryggja öruggari nýtingu auðlinda. Við höfum innleitt stafrænar lausnir og þróað umhverfissvæna tækni og verkferla til að styðja við þessa vinnu.

Olís sjálfbærnimarkmið

Aukinn jöfnuður



Við styðjum við heimsmarkmið 10 um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

- Jafnréttisstefna Olís nær til kyns, aldurs, kynþáttar, trúarbragða, skoðana og kynhneigðar. Allt starfsfólk okkar skal njóta sömu virðingar og sömu möguleika þegar kemur að starfsþróun og framgangi í starfi.
- Við teljum að fyrirtæki sem búa yfir meiri fjölbreytileika starfsfólks, eigi auðveldara með að stunda nýsköpun, séu hæfari til að aðlagast breytingum og njóti almennt meiri velgengni.
- Hjá Olís starfar fólk af 30 mismunandi þjóðernum og eru erlendir starfsmenn nú 20% af heildarfjölda og eru ráðandi tungumál erlendra starfsmanna enska og pólska. Stefnit er að því að mannauðsstefnan og undirstefnur verði aðgengilegar öllum starfsmönnum á ráðandi tungumálum starfsmanna.

Ábyrg neysla og framleiðsla



Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

- Í samræmi við áherslur í umhverfismálum þá stefnum við markvisst að því að auka endurvinnsluhlutfall úrgangs.
- Um langt skeið höfum við dregið úr orkunotkun með markvissum hætti og með samstarfi okkar við Klappir grænar lausnir þá verður þessi vinna enn markvissari.
- Við höfum aukið verulega úrvalið af niðurbrjótanlegum og umhverfisvænni vörum í einnota umbúðum í samræmi við aukna áherslu á sjálfbært efnisval þegar kemur að umbúðum.
- Umhverfisþættir eru ávallt hafðir að leiðarljósi þegar kemur að orkuneyslu og nýtingu hráefnis, við val á vörum, birgjum og flutningstækjum.
- Aukið hefur verið úrval af hollum matvörum, bæði með opnun Lemon mini á þjónustustöðvum og með breyttu vöruúrvali á tilbúnum matvörum

Aðgerðir í loftslagsmálum



Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

- Við vinnum samkvæmt aðgerðalista til að minnka kolefnisspor með mælanlegum og markvissum hætti í gegnum samstarf okkar við Klappir grænar lausnir.
- Við stefnum að því að flokkun sorps verði innleidd að fullu á öllum þjónustustöðvum Olís sem leiðir til minna kolefnisspors.
- Við erum þátttakandi í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar, sem við undirrituðum í nóvember 2015 og einsetjum okkur að ná markmiðum Parísarsáttmálans í loftslagsmálum fyrir árið 2030.
- Olís starfar eftir og uppfyllir reglugerð um gæði eldsneytis en markmið þeirrar reglugerðar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli eldsneytis og hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis á heilsu fólks og umhverfisins.

Olís sjálfbærnimarkmið



HEITI MARKMIÐS	HEIMSMARKMIÐ SP	TENGING VIÐ STEFNU HAGA	HEITI VERKEFNIS	ÁÆTLAÐUR ÁRANGUR 2023
Umhverfið				
Auka framboð á umhverfisvænni vöru	9 - Nýsköpun og uppbygging	Umhverfi	Nýirorkugjafar	Fullmótuð stefna varðandi orkusölu
Endurvinnsla umbúða	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Endurvinnsla umbúða	Kortleggja möguleika á endurvinnslu umbúða innan framleiðslueininga Olís og yfirfara umbúðir í vöruvali með það markmið að hámarka mögulega endurvinnslu
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Græn skref Olís	Aðgerðalisti til lágmörkunar kolefnisspors tilbúinn
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Græn skref Olís	Flokkun sorps verður innleidd að fullu á þjónustustöðvum Olís
Mannauðurinn				
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Starfsmannamál	Launagreining	<1%
Jafnt hlutfall kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum	5 - Jafnrétti kynjanna	Starfsmannamál	Jafnréttisstefna Olís	Bæting frá fyrra ári ef slík störf losna
Aukið jafnrétti starfsmanna	10 - Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Mannauðsstefna Olís	Mannauðsstefna þýdd á ensku og pólsku og kynnt erlendum starfsmönnum sérstaklega
Samfélagið				
Ábyrg innkaup aðfanga	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Samfélagsleg ábyrgð	Mótun innkaupastefnu	Innkaupastefna kynnt starfsmönnum
Hollari valkostir	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Samfélagsleg ábyrgð	Aukið vöruval	Aukið vöruval í hollari tilbúnum mat
Aukinn stuðningur við nær samfélagið	9 - Nýsköpun og uppbygging	Samfélagsleg ábyrgð	Samfélagsleg verkefni í nær umhverfi	Ráðstöfum +0,5% af framlegð í samfélagsleg verkefni

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfbærniuppgjör Olís ehf. fyrir árið 2022 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðsáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Samfélagsuppgjörið er byggt á upplýsingum úr umhverfishugbúnaði Olís, EnviroMaster, og unnið í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf.

Lykilþættir úr ESG-skýrslu

Kolefnisuppgjör (E1)

Samfélagsuppgjör Olís ehf. árið 2022 inniheldur fjórða kolefnisbókhald félagsins. Árið 2022 nam heildarlosun Olís ehf 2.284,6 tonnum koltvísýringsígilda (tCO₂-íg). Losun samanlagðra umfanga 1 og 2 nam 410,1 tCO₂-ígilda. Losun í umfangi 3 nam 1.874,4 tCO₂-ígilda.

Losunarkræfni (E2)

Losunarkræfni tekna var 39,72 tCO₂-íg / milljón ISK árið 2022, sem er 38,3% samdráttur frá 2021.

Orkunotkun (E3, E5)

Heildarorkunotkun Olís ehf. nam 14.771.158 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 13.649.485 kWh. Hlutfall endurnýjanlegrar orku í rekstri Olís var 92,4%.

Úrgangur

Heildarmagn úrgangs frá rekstri var 551.713 kg árið 2022 og hefur lækkað um 49,66% frá árinu 2019.

- Flokkunarhlutfall 38,1%
- Endurvinnsluhlutfall 45,0%



Lykilþættir úr ESG-skýrslu



Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2020	2021	2022
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ f	2.380,0	2.412,1	2.284,6
Samtals mótvægisáðgerðir (með óstaðfestum kolefniseiningum)	tCO ₂ f	2.380,0	2.412,1	2.284,6
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ f	0,0	0,0	0,0
Orkunotkun	Eining	2020	2021	2022
Orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	1.468.039	1.570.579	1.121.672

Taflan sýnir ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfisleg og samfélagsleg áhrif starfseminnar. Upplýsingar eru fengnar úr ESG-skýrslu sem unnin var í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf vegna ársins 2022.



Sjálfbærni til framtíðar

Ísland er eitt þeirra ríkja sem hefur samþykkt að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og hefur þeim verið forgangsraðað af íslenskum stjórnvöldum í takt við stjórnarsáttmála sem staðfestur var í júní 2018. Olís tekur mið af markmiðum ríkisstjórnarinnar ásamt öðrum dótturfélögum Haga og mótar undirmarkmið sín sem falla að starfsemi félagsins í samræmi við þessa forgangsroðun.

Fyrirtækið hefur náð góðum árangri á mörgum sviðum en engu að síður þá er stöðugt stefnt á að gera betur. Það eru alltaf tækifæri til úrbóta og gerð samfélagsskýrslu er liður í að greina frá því sem vel er gert og einnig tækifæri til að staldra við og fara yfir það sem betur má gera.

Leiðarljós í starfsemi félagsins er að Olís axlar ábyrgð á áhrifum sem ákvarðanir og athafnir hjá fyrirtækinu hafa á samfélagið og umhverfið. Aðgerðir ættu á hverjum tíma að stuðla að aukinni sjálfbærni og er tekið mið af væntingum hagsmunaaðila í hvívetna. Við höldum áfram veginn með gildi Olís að leiðarljósi, en þau eru framsækni, fagmennska og traust.